

um frv. til laga um stofnun grasbýla (þgskj. 24).

Nafnið grasbýli hefir tæplega enn fengið ákveðna merking eða hefð í lög-gjöf vorri eða á annan hátt. Það er tekið upp á síðari árum um smábýli þau, sem ekki eru kölluð þurrabúðir, en ná því ekki heldur að kallast jarðir eða hjá-leigur eða nýbýli (sbr. t. d. Nýbýlalögin ^{6/11} 1897). Venjulega hafa grasbýlin, eins og þurrabúðirnar, útmældan mjög takmarkaðan jarðarblett, sem kallast »lóð«, og þá einkum lagaðan og ætlaðan til túnræktar og garðræktar. En takmörkin á milli þeirra og þurrabúða eru alls eigi föst, því ýmsar, eða jafnvel flestar þurra-búðir eru sannkölluð grasbýli, að m. k. þær, sem þurrabúðarlánin hafa gengið til.

Í raun rjettri á ekki nafnið þurrabúð við um neitt býli, sem hefur gras-nyt svo mikla, að þar af fóðrist kýr eða annar málnytupeningur; því þurrabúð-arnafnið mun af því dregið, að hafa enga málnytu. En sú merking orðsins mun hafa ruglast smámsaman, og einkum með lögnum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, ^{22/11} 1907. Rjettast er því, ef *grasbýlisnafnið er lögfest, að hafa það um hvert það smábýli, sem litið eða ekkert land hefir til umráða annað en það, sem hæft er og fyrirhugað er til ræktunar og til framleiðslu einhverrar málnytu.* Frábrugðin slíkum býlum eru nýbýli þau, sem víða risu hjer á landi um og eftir miðja næstliðna öld, líklega meira í Norðurlandi. Það voru einkum býli til heiða eða afdala, með nóg landrými til beitar og slægna, oftast góða landkostí til málnytu, en lítt löguð til jarðræktar. Víðast voru þetta gömul eyðibýli og eru nú mörg þeirra komin í eyði á ný. Þau virðast ekki eiga uppreisnarvon á ný,

þótt í sama bygðarlagi sje mjög kvartað um skort ábýla. Nefndin mun nú leggja þá merking í orðið grasbýli, sem að framan er stungið upp á.

Það, sem fyrir höfundi fyrirbyggjandi frumvarps vakir, er smábýli, sem eingöngu eru byggð á grasrækt og garðrækt, en engum verulegum grasnytjum utan við hið afmældu og umgirta land grasbýlisins. Þess konar grasbýli vill hann að geti staðið til boða, eða þá greiður vegur til að stofna þau, þeim mönnum, sem smámsaman eru að flytja, eða jafnvel flýja, úr sveitunum fyrir þá sök, að þeir una ekki við, eða þykjast eigi draga uppi með, að vera í vinnumensku eða ljelegri húsmensku í sveit, en fá ekkert ábýli til þess að stofna á sjálfstætt heimili. Þeir flæmast því, meira og minna nauðugir, til kaupsána eða kaupstaða, eða til Ameríku. Jafnframt vakir það fyrir honum, að víða hjer á landi sjeu til mjög góðir blettir, og sumstaðar jafnvel heil flæmi af frjósómu graslendi, sem einungis eru höfð til beitarr, og þessi lönd sjeu mörg einkar vel fallin til ræktunar. Þegar nú fólkíð, sem ella flýi frá landbúnaði og jarðrækt, sæi sjer fært að setjast að á þessum blettum og rækta þá, svo það gæti að miklu leyti framfleytt sjer á þeim, þá væri þetta jafnframt hin mesta framför fyrir ræktun landsins. Hann heldur því fram, að grasbýli með 60—100 dagsláttu landi, vel í sveit komið, þar sem ljett er að koma í verð mjólk og öðrum afurðum býlanna, geti, þegar mikið af landinu er komið í sæmilega rækt, veitt meðal-fjölskyldu engu lakari afkomu, heldur en mörg sveitajörðin, þar sem fleytingsbúskapur er rekinn.

Þessum grundvallarskoðunum er nefndin að miklu leyti sammála. Hún er sammála, því að ef löggjafar og fjárveitingarvaldið gæti búið svo í haginn, að því fólkí færri fjölgandi en ekki fækkandi, sem framfleytti sjer og yndi hag sínum í sveitunum, og næmi þar ný lönd til ræktunar, þá væri fullnægt hinni mestu þjóð-arnauðsyn. Og þá liggur hitt í augum uppi, hvílik framför í menning og velmegun landsins af því sprytti, ef það sannaðist, að heilar fjölskyldur gætu framfleytt sjer hjer á ræktuðu landi í sveit, mestmegnis eða eingöngu.

En það er þetta síðara atriði, sem er svo vafasamt. Verulegar rannsóknir á því eru engar til, og opinber kunnugleiki er enginn til um það, hvernig þau grasbýli eru löguð, sem þegar eru til, eða hvernig þau hafa reynst. Það virðist að visu sannað, að grasrækt og garðrækt á þessum smábýlum er mikið hagræði fyrir menn, sem lifa að allmiklu leyti á sjávaraflla eða á handaflla. Aukning grasbýla á síðari árum, er því mikils verð framför. En nákvæm skýrsla um þessi smábýli, sem ýmislega eru tilkomin og á sig komin, eru engin til. Verður því að svo stöddu mjög lítið bygt á þeirri reynslu um það, hve sjálfstæð þau gætu orðið til þess að fæða heilar fjölskyldur.

En jafnframt því, sem þetta er órannsakað og óreynt, blasir við sá agnúi fyrir hvern grasbýlismann sem ætlar að hafa grasbýlið mestmegnis eða eingöngu sjer og fjölskyldu til framfæris, það er örðugleikinn á meðan verið er að koma býlinu í rækt. Af nýstofnuðu býli eru litlar afurðir fyrstu árin, eins og auðsætt er, áburður fellur að sama skapi lítill til, en áburðarþörfin tvöföld eða meiri á meðan verið er að sljetta jarðveginn og koma nægri rækt í hann. Og svo loks, þegar alt er nú samt komið í kring, þá er óleyt sú spurningin: geta þær skepnur, sem framfleyttast á grasbýlinu eingöngu teðjað tún þess og garða? eða með öðrum orðum: getur t. d. kýrin teðjað kýrfóðursvöllinn? Þessum spurningum er ósvarað að mestu. Það er ljóst, að með venjulegri áburðarhirðingu er víða mjög fjarri, að þetta náist. En hve fullkomin meðferð áburðar getur drýgt hann, og

hve besta túnjörðin er nægjusöm um áburð er ósvarað, og þarf víst langa reynslu og ítarlega athugun til þess að svara því rækilega. Áburðarskortinum mun þó nokkuð mega hjálpa við með aðfluttum áburðarefnum, þar sem hægt er um flutninga frá kaupstað. Það hefir því tvöfalda þýðingu, sem frumv. gerir ráð fyrir, að grasbýlin sje einkum stofnuð þar sem flutningar eru auðveldir og vel er í sveit komið. Þá er hægra að útvega aðfenginn áburð og eldsneyti og þar er hægra að koma afurðum býlisins í hátt verð.

En þótt reynslu og þekkingu skorti svo mjög enn í þessu máli, sem að framan er dregið á, þá virðist nefndinni rangt, að þing og stjórn vísi því á bug. Málið er í sjálfu sjer svo mikilvægt, samkvæmt því sem að framan er tekið fram, og það er svo víða, sem menn hafa sett talsverðar vonir til þess, að þing og stjórn eru skyldug til að sinna því, og sinna því á þann hátt:

1. Stuðla að rannsóknnum og jafnvel tilraunum í þessu máli, og
2. Styðja sem fyrst að stofnun grasbýla með fjárstyrk og hagkvæmum laga-fyrirmælum.

Viðvikjandi fyrra atriðinu vill nefndin fara fram á það, að stjórnin láti safna skýrslum um land alt um öll smábýli, sem samkvæmt framansögðu geta talist til grasbýla, hvort sem þau kallast þurrabúðir, eða eitthvað annað. Samskonar skýrslum var safnað úr öllum hreppum skömmu áður en milliþinganeftin í landbúnaðarmálinu tók til starfa 1904, um jarðir og ábúð þeirra. Grasbýliskýrslurnar þurfa að innihalda a. m. k. það, er hjer segir:

1. Nafn grasbýlisins og hvenær það var stofnað.
2. Stærð á afmældu landi þess og hverskonar jarðvegur.
3. Hver hús eru á grasbýlinu.
4. Hvort grasbýlismaður á landið eða húsin eða hvorutveggja.
5. Um leiguskiilmála, ef hann er leiguliði (afgjald, ábúðartíma, jarðabótakvöð).
6. Hvort landið er girt alt eða partur, lengd og tilhögun girðingar, hver girðinguna á, eða hvort hún fylgir grasbýlinu.
7. Hve mikið af landinu er ræktað (tún, garðar).
8. Um afurðir grasbýlisins að jafnaði síðustu árin.
9. Hvort for og haughús er á býlinu.
10. Hvort grasbýlismaður hefir notað aðrar landsnytjar jafnframt (engi, beit eða hvorttv.).
11. Hve mikið vantar á, að skepnur þær, sem grasbýlið sjálf fóðrar, teðji tún þess.

Spurningar um þessi efni þarfað leggja fyrir svo ljóst og liðlega, og með þeim skýringum, að greið og ótvírað svör geti legið sem beinast við. Þegar þær upplýsingar eru fengnar, sem nefndar eru í þessum 11 liðum, er nokkur grundvöllur fenginn til að byggja á. En búast má við, að svörin viðvikjandi síðasta lið verði fá og ekki vel ábyggileg. Væri því nauðsynlegt, að búnaðarfjelag Íslands, búnaðarsamböndin og búnaðarskólarnir söfnuðu sem mestum upplýsingum í því efni; enda er það skylt þessum stofnunum, því hjer er einhver mikilvægasta spurningin viðvikjandi ræktun landsins.

Hitt atriðið, að löggjafarvaldið styðji að stofnun grasbýla með fjárstyrk og lagasetning, er í rauninni ekki annað en það, sem þegar hefir átt sjer stað, þó í smáum stíl hafi verið. -- Með þurrabúðarlögunum frá 12. jan. 1888, er vikið inn á þá braut, þótt lög þau væru smástíg í því efni. Með breytingu lag-

anna 1907, er stigið nokkru stærra spor. Þá er lágmark þurrabúðarlóðar hækk- að úr 400 □ fōðm. í 900, nema sýslunefnd heimili lægra takmark. Á fjárlögum hefir í mörg ár stōðugt staðið heimild til stjórnarinnar um að veita hin alkunnu þurrabúðarlán, og þau hafa víst öll gengið til smá grasbýla. Fyrsta lánið var veitt 1902, og nú er alls búið að veita af þurrabúðarlánnum um 27000 kr.

Þá eru ræktunarsjóðslögin. Við breytingu þá, sem á þeim var gerð 1905, eftir tillögu millipíngan. í landbúnaðarmálinu, kom það ákvæði inn í lögin, að lána mætti af fje sjóðsins til ábýliskaupa, og hafði nefndin þá einkum fyrir aug- um grasbýlin. Ennfremur var og þá bætt í lögin heimild til þess, að »styrkja menn til lífsábyrgðarkaua til viðbótar lántryggingum til ábýliskaupa«, og þessi styrkur var beinlínis hugsaður grasbýlismönnum. Til þess að sýna hvað ræktun- arsjóðurinn hefir gert síðustu 5 árin í þessa átt, og hvers hann er megnugur, fylgir hjer með skýrsla um allar lánveitingar úr sjóðnum á þessu tímabili.

En þessar aðgerðir fara mjög á dreif og hafa alls eigi haft nógu fastá- kveðið mark. Ákvæði laganna 22. nóv. 1907 um þurrabúðirnar miða sig að visu við rjettnefnd grasbýli, en svo smá, að þau geta ekki gefið af sjer nema aðeins stuðning handa þeim, sem stunda aðra atvinnu. Þau gera ráð fyrir því aðallega, að þurrabúðarmenn sjeu leiguliðar, en tryggja þeim hvorki varanlega ábúð nje borgun fyrir það, sem þeir eru lögskyldaðir til að gera, þ. e. að girða og rækta lóðina á 7 árum. Þeir hafa fasta ábúð einungis á meðan, og til þóknunar fyrir að girða og rækta leigulausa ábúð sama tímabil. Þurrabúðarlánin hafa verið svo smá, að ekki kemur til mála, að binda grasbýli fyrsta veðrjetti, gegn svo litlu láni, nema grasbýlið sje mjög lítið. Lán og styrkveitingar úr ræktunarsjóði geta eftir lögunum náð jafnt til stærri jarða sem til smábýla, og geta því farið svo á dreif, að lítill árangur sjáist fyrir grasbýlamálið. Alls hefir verið lánað til ábýliskaupa á síðustu 5 árum, að þessu meðtöldu, sem yfir stendur, 19550 kr. eða tæpar 4000 kr. á ári. Það er til svo sem tveggja grasbýla á ári, ef þau væri sæmilega stór. Af þurrabúðarlánnum úr landssjóði koma rúmlega 2000 kr. á hvert ár. Þótt það, sem svarar báðum þessum upphæðum, væri árlega lánað til grasbýla eingöngu, sem sjálfsagt væri rjettast, þá myndi fremur skamt miða áfram með þau, og sjerstaklega með þau grasbýli, sem hugsuðu svo hátt, að þau gætu orðið sjálfstæð til að framfleyta fjölskyldu.

Tillögur frumv. um lánveitingar til grasbýla virðist nefndinni þar á móti nokkuð djarfar, að m. k. á meðan ekki er fengin meiri reynsla. Lán þau og láns fyrirkomulag gæti máski teygt menn full ört út í óvissu. Mun því heppilegra, að fara hjer nokkuð bil beggja. En þar á móti virðist nefndinni ekki rjett, að láta mál þetta bíða við svo búið ótiltekin tíma þangað til sú eða sú rannsókn og reynsla sje fengin. Besta reynslan og þekkingin fæst með stofnun sjálfra grasbýl- anna, grasbýla sem hafi það markmið að verða sem sjálfstæðust til þess að fram- fleyta fjölskyldum. Raunar búast fæstir af oss nefndarmönnum við því, að gras- býlismaður mundi komast af með þá grasnyt eina, sem ræktað land grasbýlisins hefir, nema hann hefði aðra atvinnu með, til þess bæði að framfleyta sjer og sín- um, og standast rentu og afborgun á skuldum, sem á hvíla. En þá er líka þess að gæta jafnframt, að á hverju því smábýli, sem kvorki hefir engi til afnota nje sauðfjarrækt að stunda, verður alls ónóg að starfa fyrir grasbýlismann og skyldu- lið hans ýmsa tíma árs, bæði sumar og vetur, nema aukavinna sje höfð: veiði- skapur, sjósókn, daglaunavinna, heimaíðnaður. Best samrýmdist heimaíðnaður.

Og það er engin vafi á því, að heimaíðnaður, stundaður með elju og áhuga, er skilyrði fyrir almennri farsæld þessara smábýla hjer á landi, eins og annarsstaðar.

Enda þótt nú nefndin hafi fallist á margt í fyrirliggjandi frumvarpi og til fulls á aðal tilgang þess, þykir henni svo mjög skorta á allan undirbúning til þess að semja lög um grasbýli, að slíkt komi eigi til mála á þessu þingi. Þar á móti vill hún að stjórnin taki málið til rækilegrar meðferðar, og hafi til þess aðstoð Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambandanna og annara búnaðarstofnana í landinu.

Með skýrskotun til framanritaðra skýringa og athugasemda leggur því nefndin til að samþykkt sje þessi

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um að safnað sje skýrslum um smábýli á landinu, þau er ekki teljast jarðir eða hjáleigur. Og ef tiltækilegt þykir, að því búnu, að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um grasbýli, er að mestu leyti styðjist við ræktað land.

Alþingi 28. júlí 1914.

Jón Magnússon, Pjetur Jónsson, Jóhann Eyjólfsson,
formaður. framsögumaður. skrifari.

Guðm Hannesson. Hjörtur Snorrason. Jón Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Yfirlit

yfir Ræktunarsjóðslán, sem Búnaðarfélag Íslands hefir lagt til að veitt væri árin 1910—1914.

Ár.	Til sam- girðinga eingöngu kr.	Til sér- girðinga eingöngu kr.	Til girð- inga ein- göngu samtals kr.	Til ýmissa jarðabóta (þar í nokkrar girðingar) kr.	Til jarðabóta alls kr.	Til ábýlis- kaupa kr.	Lán alls kr.
1910	1200	3600	4800	3700	8500	5700	14200
1911	2700	4450	7150	3600	10750	5800	16550
1912	24600	12450	37050	10750	47800	2450	50250
1913	17400	25850	43250	12150	55400	4600	60000
1914	15100	13300	28400	10250	38650	1000	39650
Samtals:	61000	59650	120650	40450	161100	19550	180650

Reykjavík 20. júlí 1914.

Guðmundur Helgason.